

Saurbær ⁽¹⁾

Það er lögbýli gamalt, en ekki á fyrstu öldum reist, eru þar engar girðingar fornar, utan akur eða fjárgerði lítið sunnan við tún, mun eldra en byggðin. Um 1377 er hér smábýli líklega byggt nálægt 1300 í vesturjaðri Ráeyrarlands og hefir þá fengið vesturhlut Ráeyrardals, en síðar lönd Hóls fyrir fjarðarbotni. Lækkaði og mat Ráeyrar við byggð þessa og síðar Hóls, því meir sem býli þetta óx, var hér kirkja eður bænhús á 16 öld – máske áður á Staðarhóli – og búið var hér allt til 19[27] en er síðan eign bæjarins og í rústir lagt.

Bærinn stóð skammt inn frá suðausturhorni fjarðarins vestan í lágri hæðartungu er út gengur vestan Ráeyrarár og nefnist *Saurbæjarás* (2) mun nafn hans sem önnur slík af því komið að umhverfi er votlent, einkum neðan bæjar við fjarðarbotninn forir og flæðar, er nefnist *Saurbæjarkíll* (3). Vestan bæjar neðan ássins fellur *Saurbæjarlækur* (4) út í hið vota engi en vestan við hann vestast af túni er hólrani með tóftaleifum er nefnist *Langhóll* (5) er líklegt að þar hafi verið hjábýlið *Saurbæjarkot* (6) sem byggt var á 17. öld eða litlu fyrr en fór í auðn um 1670 og vera má að þar hafi bærinn fyrst verið en síðar færður upp í á sinn, en örðugt er þar til lækjarins og hefir vatn verið heim fært með skurðum all langt eins og á Reyðará.

Neðarlega í túni er og uppspretta lítil nefnd *Bæjarlind* (7). Yst í enda túnsins sem að mestu er á löngum lágum holtarana er hólbali með tóftarúst nefnt *Ærhúsgerði* (8). Þar niður af er fjarðarbotninn og ganga inn úr síki nokkur, nefnist hið austasta *Ærhússíki* (9) þá litlu vestar *Saurbæjarsíki* (10) og *Langasíki* (11) á tanga milli þeirra eru byggðarústir nefndar *Saurbæjarhjallar* (12) skammt vestur er *Hólssíki* (13) hafa síki þessi öll grafist af vatni er niður fellur um hið lága flæðiland (Kílinn) flutu opin skip lengi inn í þau um ál einn vestan við hólma þann sem hér er innst í firðinum og *Kríuhólmi* (14) nefnist og voru í þeim hægur lendingar. Allt út í Hólssíki féll bæjarlækur Hóls er síðar getur og var hann þar víðast í enginu hulinn jörð en á honum op nokkur nefnd *Silungagöt* (15) því oft var þar silungsveiði.

Vestan við Kílinn yst á láglandinu, austan ár, er hól einn stakur nefndur *Álfhóll* (16) hefir því fastlega verið trúað hér að haugur væri, sem fleiri hólar í þessum byggðum og reynt að rífa hann; er það furðanleg fáfræði því melhóll er þetta 40 metrar að þvermáli, að vísu gróinn en all hár og grýttur. Í ánni vestan við hann nefndist *Álfhólshylur* (17) er hann nú lítill orðinn og ofar færður. Skammt suður frá Saurbæ gnæfir endi fjalls þess er skilur Siglufjarðardal og Ráeyrardal, hár og brattur nefnist ysti tindur fjallsins *Álfhyrna* (18) og niður hana að norðan *Álfhyrnuröðull* (19) niður frá honum nefnist *Saurbæjaröxl* (20) og vestan í henni *Langimelur* (21) þar litlu utar, skammt suður frá túni, er allstór hól nefndur *Fiskhóll* (22) mun fiskur hafa þar verið þurrkaður, sakir votlendis neðra. Vestur frá honum eru lágholt nefnd *Saurbæjarholt* (23).

Innst á Saubæjarás út frá öxlinni er *Stekkjarmelur* (24). Þaðan skammt inn á eyrum

Ráeyrardals er allstór stakur steinn, nefndur *Hrakningur* (25). Þar nokkuð innar er gilrauf stór upp í fjallinu nefnd *Stóraqjá* (26) og niður frá henni framhrun mikið allt ofan að á nefnt *Stóraskriða* (27) lítið inn frá henni eru rústir litlar 2-3 er virðast byggðaleifar; má ætla að þar hafi verið *Saurbæjarsel* (28). Þar niður af, við ána eru dældir nokkrar og hvörf í bökkunum, nefnd *Hvamar* (29). Nokkuð innar nær vestur frá botni dalsins er allstórt hvolf ofarlega í fjallinu, nefndist það fram á síðustu öld *Saurbæjarskál* (30). Hinn 5. des. 1810 ætlaði Jóhann Ísak Grundtvig danskur verslunarm. sem hér hafði verið nokkra hríð, að fara til Svarfaðardals, en villtist af leið yfir Hólsskarð og hrapaði í skál þessa til dauða; fannst um áramótin, mun skálin síðan hafa nefnd verið Ísaksskál, en er nú nefnd hér Ísaskál ! niður frá henni gengur *Djúpagil* (31). Suðaustan við skálina er stakur hnjúkur með skarði að framan, nefndur *Steindyrahnjúkur* (32). Suður frá honum er hvass tindur er hátt ber nefndur *Nesjahnjúkur* (33) (ritað með blýanti: Presthnjúkur) er hann skammt vestur frá áðurnefndri *Dís* (ritað með blýanti: um Mósakóghnjúk) og hann sem hún kunnugt fiskimið. (ritað með blýanti: eru sagnir um það að nálægt honum hafi prestur, helst úr Ólafsfirði orðið úti en frá 1675-1686 var Siglunesi þjónað af presti Ólafsf.)

Stafrófsröð örnefna Saurbær

- A -	- I -	- S -
Álfhóll 16	Ísaksskál = 30	Saurbæjarás 2
Álfhólshylur 17	- K -	Saurbæjarhjallar 12
Álfhyrna 18	Kíllinn = 3	Saurbæjarholt 23
Álfhrynuröðull 19	Kríuhólmi 14	Saurbæjarkíll 3
- B -	- L -	Saurbæjarkot 6
Bæjarlind 7	Langasíki 11	Saurbæjarlækur 4
- D -	Langhóll 5	Saurbæjarsel 28
Dís 34	Langi-melur 21	Saurbæjarsíki 10
Djúpagil 31	- M -	Saurbæjarskál 30
- F -	Mósakóghnjúkur 35	Saurbæjaröxl 20
Fiskhóll 22	- N -	Saurbær 1
- H -	Nesjahnjúkur 33	Silungagöt 15
Hólssíki 13	- P -	Steindyrahnjúkur 32
Hrakningur 25	Presthnjúkur = 33	Stekkjarmelur 24
Hvamar 29		Stóra-Gjá 26
		Stóra-Skriða 27
		- Æ -
		Ærhúsgerði 8
		Ærhússíki 9